



## Óveðursáætlun Tröllaborgar

Þegar vont er veður er skólastarfi í grunnskólunum oft aflýst en það á ekki við í leikskólunum.

Þar sem leikskólinn er þjónustustofnun þá má ekki auglýsa lokun vegna veðurs nema það geri svo vond veður að starfsmenn komist engan veginn til vinnu.

Hér má finna upplýsingar um hvernig við bregðumst við þegar óveður geysar.

### Ef óveður er þá:

- Láta foreldrar vita sem fyrst að morgni ef barnið mætir ekki í leikskólann.
- Skynsamlegt er að hringja áður en komið er með barnið til að tryggja að einhver starfsmaður sé mættur til að taka á móti barninu.

### Ef leikskóla er aflýst:

- Kemur tilkynning á facebooksíðuna
- senda leikskólastjóri eða deildarstjórar sms til foreldra